

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 65/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigdóri Ólafi Sigmarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar einvörðungu um ákvörðun refsingar, en áfrýjunarstefna ríkissaksóknara var gefin út 21. janúar 1994. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið staðfestingar á refsíákvörðun héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigdór Ólafur Sigmarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-771/1993: Ákærvaldið gegn Sigdóri Ólafi Sigmarssyni, en málið var dómtekið samdægurs á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, út gefnu 8. desember sl., á hendur Sig-

dóri Ólafi Sigmarssyni, kt. 010827-6719, Skipasundi 79, Reykjavík, fyrir að aka mánudaginn 20. september 1993 sviptur ökuréttindum bifreiðinni R-15452 frá Sundlaugunum í Laugardal að Skipasundi 79 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi þá að hafa framið háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir. Ákærði hafði áður viðurkennt og borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og staðfesti ákærði þann framburð sinn fyrir dóminum.

Ákærði hefur frá árinu 1969 hlotið 10 refsídóma fyrir umferðarlagabrot og í einum þeirra dóma var ákærði einnig sakfelldur fyrir brot gegn 157. gr. almennra hegningarlaga. Þá hlaut ákærði þriggja mánaða fangelsi á árinu 1985 fyrir skjalafals. Þá hefur ákærði frá árinu 1978 gengist undir þrjár dóm-sáttir fyrir umferðarlagabrot.

Með vísan til sakaferils ákærða og ofanritaðs að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð þriggja mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigdór Ólafur Sigmarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
